

## Sjálfsmatsskýrsla FSu 2017 – 2018

### Efnisyfirlit

Inngangur.....	Bls. 2
Markmið og tilgangur matsins.....	Bls. 3
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	Bls. 3
Niðurstöður matsins.....	Bls. 4
Samantekt og ábendingar.....	Bls. 5
Umbótaáætlun.....	Bls. 6
Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.....	Bls. 6

### Fylgiskjöl

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 12. september 2017 .....	Bls. 8
Niðurstöður sjálfsmatsfundar 12. september 2017 .....	Bls. 10
Einkunnir fyrir sjálfsmatsvinnu kennara 12. september 2017 .....	Bls. 17
Aðgerðaáætlun að loknum fundi 12. september 2017.....	Bls. 17
Grunnþættir unnir 30. janúar 2018.....	Bls. 19
Markmið skólans skoðuð sem merkt eru (G) – gátlisti.....	Bls. 25
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar.....	Bls. 26

## Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður og hóf starfsemi sína árið 1981. Skólinn var stofnaður á grunni iðnskólans sem hafði verið starfræktur á Selfossi og rekinn af Árnesingum, Rangæingum og Vestur-Skaftfellingum. Að stofnun skólans í upphafi stóðu ríkisvaldið og Selfoskaupstaður. Sýslurnar bættust síðar í hópinn sem rekstrar- og eignaraðilar. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að skólinn þjóni öllu Suðurlandi og bjóði upp á námi við hæfi þeirra ungmenna sem búa á svæðinu. Stöðug þróun er í námsframboði og hefur ný námskrá verið í endurskoðun og endurmati við skólann. Stjórn skólans hefur lagt áherslu á að vera leiðandi í þróunarstarfi og bjóða upp á nýjungar sem tengjast þróun atvinnulífs og tækniþróun. Kjörorð skólans eru fjölbreytni – sköpun – upplýsing og hafa þessi orð verið leiðandi í starfseminni.

Nemendum fækkaði í skólanum við styttingu náms til stúdentsprófs en nú virðist vera kominn ákveðinn stöðugleiki í nemendafjöldann sem er á milli 7 og 8 hundruð nemendur í dagskóla. Auk þess að skólinn sinni staðbundnu bók- og verknámi nemenda í dagskóla þá sinna starfsmenn kennslu í fangelsum. Nokkrir starfsmenn skólans hafa sinnt fjarnámskennslu. Kennsla þessi hefur tengst vali nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Einungis hefur verið um að ræða kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku.

Markmið skólans eru fjölbætt og má sjá þau á heimasíðu skólans <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Í vinnu við sjálfsmatið er lögð áhersla á að meta hvort við séum að ná markmiðum okkar. Markmiðin eru flokkuð eftir námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Hvert atriði er tekið fyrir og metið af starfsmönnum skólans á fjögurra anna fresti. Innan hvers atriðis eru markmiðin merkt með (G) = Gátlisti, (K) = Kannanir, (T) = Tímabundið verkefni, (H) = HGIOS (How Good is Our School) og ræður það því hvernig unnið er með markmiðin. Það sem merkt er G er yfirfarið af sjálfsmatshópi en það sem merkt er H er skoðað af fleiri aðilum sem tengjast skólanum og er þá stuðst við sjálfsamatskerfið sem við höfum notað við skólann. K og T segir sig svolítið sjálft hvað um er að ræða.

Fyrsti fundur sjálfsmatshópsins á haustönn 2017 fór í að ákveða hvernig fyrirkomulagið yrði á matinu á skólaárinu. Ákveðið var að meta starfsumhverfið á haustönninni. Langt er síðan mat hefur farið fram á því þar sem unnið hefur verið að byggingu nýs verknámshúss. Nú er verknámshúsið komið í notkun og því ástæða til að meta hvernig starfsmenn meta starfsumhverfi sitt. Annað sem ákveðið var að skoða var að fá kennara til að meta hvernig þeir koma grunnþáttunum til skila í kennslunni. Matið á grunnþáttunum fór fram á vorönninni. Þriðji þátturinn sem kom aðeins inn á borð sjálfsmatsins var „jafningjamat“ kennara sem ákveðið var að fram færi á vorönn 2018. Sjálfsmatshópurinn ákvað í upphafi að taka ekki þátt í Skólapúlseinum á þessu skólaári. Ástæða þess er að fáir skólar eru að taka þátt og því samanburður ekki mikill og einnig hafa niðurstöður verið svipaðar ár eftir ár þegar við höfum tekið þátt.

Vinna sjálfsmatshópsins á skólaárinu tengdist undirbúningi funda og úrvinnslu úr þeim með því að gera aðgerðaáætlanir. Að auki fór mikill tími í það að meta verkferla skólans og búa til nýja. Ekki tókst að ljúka við þessa vinnu og verður unnið áfram með verkferlana á komandi skólaári.

Ytri aðstæður skólans hafa verið frekar hagstæðar þ.e. rekstur hans hefur verið réttu megin við núllið og hefur það gefið tækifæri til þess að bæta starfsumhverfið. Nauðsynlegt var að fara í ýmsar framkvæmdir og bæta búnað þar sem ekki hafði verið unnið með þessa þætti í svolitinn tíma. Staðan er nokkuð góð í dag og kom það fram í rannsókn okkar á starfsumhverfinu á haustönninni.

## Markmið og tilgangur matsins



Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Í nefndinni sátu Kristín Runólfsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Nefndin var með fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Eins og áður kom fram var þriðji hluti markmiða skólans í skoðun á haustönninni þ.e. starfsumhverfið. Lögð var áhersla á að allir fengju að taka þátt í þessu mati þannig að það fengist góð sýn á stöðuna. Nauðsynlegt er að meta hvernig starfsumhverfið er og hvernig fólkið upplifir nærumhverfið sitt. Við mat á starfsumhverfinu voru útbúnaðar fullyrðingar sem tengdust markmiðunum og síðan mat starfsfólkið stöðuna. Einkunnir voru gefnar og síðan tók sjálfsmatshópurinn niðurstöðurnar og gerði aðgerðaáætlun. Sama var gert í tengslum við matið á grunnþáttunum og notkun þeirra við kennslu. Mikilvægt er að grunnþættirnir séu ekki orðin tóm heldur að unnið sé með þá í kennslunni. Vegna þess var tekin sú ákvörðun að meta hvernig grunnþáttunum er komið á framfæri í kennslunni.

## Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar fór sjálfsmatshópurinn yfir gátlista og hins vegar sjálfsmatskerfið



„How good is our school“. Gátlistarnir tengdust markmiðum skólans og var farið yfir hvort markmiðum væri náð með því að kanna þau atriði sem tengdust þessum gátlistum. Þegar skoðað er hvernig matið hefur gengið þetta skólaárið má velta fyrir sér ýmsum þáttum en almennt séð er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu „how good is our school“ sem hefur verið aðlagð að aðstæðum okkar. Þetta kerfi hefur verið í notkun og þróun í Skotlandi

frá 1996 og hafa þeir komið með nýjar útgáfur síðustu ár (sú nýjasta frá 2015 (4th edition)). Kerfið byggir á einkunnagjöf (1 – 6) sem notuð er sem viðmið hvort verið sé að ná góðum árangri eður ei. Sjálfsmatshópurinn fær einkunnir frá hópunum og skoðar allar einkunnir sem eru 3 og undir og vegur og metur hvað hægt sé að gera til þess að bregðast við til úrbóta. Með þessu verður til aðgerðaáætlun sem sjálfsmatshópurinn hrindir í framkvæmd og kemur boðum til rétttra aðila.

### **Hér að neðan má sjá í hverju starf sjálfsmatsnefndar fólst á skólaárinu.**

Eins og áður kom fram var að jafnaði fundað vikulega og urðu fundirnir alls 22 hjá nefndinni. Fundir voru annað hvort undibúningsfundir eða úrvinnslufundir en einnig fóru nokkuð margir fundir í vinnu við verkferla. Fyrstu fundirnir í ágúst og september fóru í undirbúning fyrir kennarafund 12. september þar sem starfsumhverfið var metið af kennurum og öðru starfsfólki skólans. Næstu fundir fóru í úrvinnslu gagna af fundinum og meta það sem þar hafði komið fram. Gerð var aðgerðaáætlun í framhaldinu og gögnum komið til rétttra aðila. Undir lok október var farið yfir hver staðan væri og var þá búið að koma upplýsingum til rétttra aðila. Bæði var búið að koma jákvæðum upplýsingum á framfæri sem og þeim þar sem úrbóta var þörf. Eftir að þessu verkefni var lokið fór sjálfsmatshópurinn að skoða verkferlana og reyna að átta sig á umfangi þeirrar vinnu sem kom í ljós að er mikið. Undir lok nóvember fór hópurinn yfir



það sem merkt er G í markmiðum okkar og voru skrifaðar athugasemdir við það sem þar kemur fram. Við lok annar máttum við vinnu okkar og reyndum að gera okkur grein fyrir hvað það væri sem mætti betur fara. Auk þess settum við upp áætlun fyrir vorönnina og hver væru áhersluatriði sjálfsmatsins. Grunnþættir voru teknir fyrir á vorönninni þ.e. kennarar áttu að meta hvernig þeir kæmu þáttunum til skila í kennslunni. Áður en fundur

var haldinn 30. janúar var búið að senda kennurum beiðni um að þeir veltu fyrir sér hvernig grunnþættirnir kæmu fyrir hjá þeim í kennslu. Á fundinum 30. janúar var skipt í hópa og einnig var dregið í „jafningjamatið“. Eftir fundinn fórum við yfir niðurstöður og kom fram hjá flestum að umræðan sem slík hefði verið mjög gagnleg. Í framhaldi af þessu ákváðum við að taka út punkta sem kennarar höfðu sett á blað sem tengdust skapandi hugsun og útbúa plakat sem hengt yrði upp á kaffistofum kennara. Tilgangur þessa er að minna kennara á það sem tengist skapandi hugsun. Í lok annar var unnið áfram að verkferlum og reynt að tengja þá við það sem við erum að gera. Mikill tími fór í vinnu við verkferlana.

### **Niðurstöður matsins**

Ef fyrst eru skoðaðar niðurstöður matsins um starfsumhverfi þá eru nokkrir þættir sem skoða þarf og bæta úr en aðrir eru í mjög góðu standi. Það sem meðal annars kom fram er að minnka mætti unna kjötvöru í mötuneyti, auka fjölbreytni í grænmeti, tímarammi kennara í kaffi- og matarpásam er þröngur og stúka kennara

meira af í mötuneyti. Þetta voru þættir sem tengdust mötuneytinu og var þeim komið til þeirra sem stjórna þar. Varðandi húsnæðið þá komu fram smávægilegar athugasemdir eins og varðandi lýsingu og var brugðist við því með því að kaupa lampa til að setja á borðin. Auk þessa komu fram athugasemdir varðandi aðstöðu fyrir nemendaráð í Odda sem var nýbúið að bregðast við. Þeim var komið fyrir í lðu sem þau eru mjög ánægð með. Aðeins var komið inn á vef skólans og hvernig hann er uppsettur. Almennt er fólk ánæggt með hann en bendir á að mikilvægt sé að halda honum uppfærðum. Þeir sem unnu matið voru ánægðir með þjónustu skrifstofunnar og upplýsingagjöf þaðan. Ábending kom fram varðandi dagatalið þ.e. að það mættu vera upplýsingar inni á því um helstu viðburði NFSu og hefur þeim athugasemdum verið komið til réttara aðila. Örlítið var minnst á vinnuaðstöðuna og þá helst þannig að hún væri mismunandi á milli starfsmanna. Alltaf er verið að skoða og meta vinnuaðstöðuna með tilliti til starfsmanna og reynt að koma á móts við óskir þeirra. Vinnuaðstaða er að vissu leyti mismunandi og er mismunandi hvers starfsmenn óska í tengslum við vinnuaðstöðuna. Þeir starfsmenn sem voru í því að meta starfsumhverfið komu inn á umgengni og hvað það væri sem þyrfti að bæta í tengslum við hana. Helst var um að ræða pappírssóun, niðurröðun í kennslustofum og frágang í kennslustofunum.

Þegar niðurstöður matsins sem fram fór í lok janúar eru skoðaðar kemur ýmislegt fram sem æskilegt væri að allir tileinkuðu sér. Umræðan sem fram fór í hópunum var mjög mikil og voru margir punktar sem lágu eftir. Ljóst er að kennarar eru að sinna grunnþáttunum og hafa ýmsar hugmyndir um hvernig hægt er að samþætta námsgreinar. Ákveðið var af sjálfsmatshópnum að taka saman punkta sem tengdust skapandi hugsun og setja á plakat sem dreift var á kennarastofur skólans. Að auki voru niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir alla kennara skólans á sameiginlegu innra neti.

Jafningjamatíð fór fram á önninni og setti sjálfsmatshópurinn það af stað en síðan var það hlutverk kennaranna að vinna það og skipuleggja. Um var að ræða heimsóknir í kennslustundir og voru þrjár og þrjár kennarar saman. Að þessu sinni var dregið í hópana og er spurning hvort það sé rétt aðferð. Niðurstöður matsins settu kennarar inn á sameiginlegt innra svæði á netinu. Ekki var unnið neitt sérstaklega með niðurstöðurnar af sjálfsmatshópnum þar sem litið er á þetta sem stuðning kennara á milli og þeir geti leiðbeint hver öðrum.

Eins og áður kom fram voru verkferlar metnir og endurskoðaðir af sjálfsmatshópnum. Mikill tími fór í þetta mat en nauðsyn var að meta eldri ferla og semja nýja. Ekki tókst að ljúka við þessa vinnu og verður framhald á þeirri vinnu á komandi skólaári.

## **Samantekt og ábendingar**

Innra mat skólans er í nokkuð föstum skorðum og er lögð áhersla á að meta markmiðin með reglulegu millibili. Sjálfsmatshópurinn hefur lagt áherslu á að virkja sem

flesta til þátttöku í matinu og hafa starfsmenn og nemendur notið þess að fá að vera með að hafa áhrif.

Á líðandi skólaári var stefnt að því að skoða starfsumhverfi okkar, vinna að verkferlum, velta fyrir okkur hvort við séum að vinna að grunnþáttunum í kennslunni og meta þá þætti sem merktir eru G (gátlisti) í markmiðum skólans. Allir þessir þættir voru metnir og unnið var að verkferlunum.

Miðað við niðurstöður matsins virðist staðan vera nokkuð góð og voru starfsmenn almennt ánægðir með starfsumhverfi sitt. Nokkrar ábendingar komu fram og var brugðist við þeim. Aðrir þættir sem voru skoðaðir komu vel út og var sérstaklega áhugavert hve margar ábendingar komu fram frá hópunum sem voru að ræða um grunnþætti menntunar. Ekkert sérstakt kom á óvart í tengslum við matið.

Varðandi jafningjamatið er spurning um framkvæmd þess. Fáir kennarar skiluðu inn skýrslu um hvernig það gekk og því vakna spurningar um hvort það hafi verið framkvæmt samviskusamlega af öllum hópum. Velta þarf fyrir sér framkvæmdinni á jafningjamatinu og hvort endurskoða ætti fyrirkomulagið. Gott væri að spyrja kennara um hvað mætti betur fara og hvað það var sem þeir voru ánægðir með í jafningjamatinu. Með því væri hægt að gera nýja aðgerðaáætlun fyrir næsta jafningjamat og fá þar með meiri virkni.

Verkferlarnir tóku mikinn tíma hjá sjálfsmatshópnum og náðist alls ekki að ljúka þeirri vinnu. Óhjákvæmilegt er að þessi vinna taki mikinn tíma þar sem velta þarf fyrir sér mörgum atriðum sem tengjast þeim. Auðvitað má velta fyrir sér hvort þetta sé hlutverk sjálfsmatsins en þeir sem sitja í hópnum þessa önnina sáu að þörf var á því að skoða ferlana og tóku þá ákvörðun að vinna að þeim.

## Umbótaáætlun

Vert er að geta þess fyrst að til þess að umbætur nái fram að ganga þurfa allir að leggjast á árarnar og vinna saman að þeim úrbótum. Flest það sem þarf að lagfæra og kom fram í mati okkar er hægt að bæta á einfaldan hátt og hefur þeim upplýsingum verið komið til viðkomandi aðila. Of langt mál yrði að telja upp alla þá aðila sem koma að úrbótum en flest af því sem gera þarf eru smávægilegar breytingar. Það sem muna þarf vel eftir tengist jafningjamatinu og því að halda grunnþáttunum lifandi í umræðunni og minna kennara á mikilvægi þess. Ábyrgð þessa er á höndum sjálfsmatshópsins það er að hrinda hlutunum í framkvæmd og minna á það sem gera þarf í tengslum við umbæturnar.

## Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

- ✚ V 2012
  - Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
- ✚ H 2012
  - Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- ✚ V2013
  - Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.

- Heimasíða skólans var metin.
- Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.

#### ✚ H 2013

- Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
- Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.

#### ✚ V 2014

- Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjölum.
- Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
- Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

#### ✚ H 2014

- Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.

#### ✚ V2015

- Jafningjamat fór fram.
- GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
- Ytra mat var framkvæmt.
- Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

#### ✚ H 2015

- Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

#### ✚ V 2016

- Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
- Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksöluinni.

#### ✚ H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

#### ✚ V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Mennskan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

#### ✚ H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

#### ✚ V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

### Áætlun um sjálfsmat

#### ✚ H 2018

- Endurskoða markmið skólans

#### ✚ V 2019

- Nám og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

### Fylgiskjöl

## Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 12. september 2017

**Þátttakendur:** Starfsmenn skólans

**Vinnuferli:**

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilþátt 3, Starfsumhverfi.
2. Skipt verður í 14 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Áður en umræður hefjast í hópunum velta allir fyrir sér sínum fullyrðingum og skrifa vísbendingar á blað.
5. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
6. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).



Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

### Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjalfsmat\12. september 2017

Merkja skal skjalið ( Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

### Verkefnin eru:

#### Hópar 1 og 8 - **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

- a. Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.
- b. Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.

#### Hópar 2 og 9 - **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

- c. Stöðugt er verið að bæta vinnuaðstöðu kennara.
- d. Unnið er að bættri umgengni í skólanum.

#### Hópar 3 og 10 - **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

- e. Lögð er áhersla á að fyrirbyggja slyshættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum.
- f. Tölvukerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt.
- g. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann án röskunar á búsetu.

#### Hópar 4 og 11 - **Upplýsingar**

- h. Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu.
- i. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.

#### Hópar 5 og 12 – **Upplýsingar**

- j. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.
- k. Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

#### Hópar 6 og 13 – **Upplýsingar**

l. Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.

m. Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.

#### Hópar 7 og 14 - **Upplýsingar**

n. Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.

o. Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingaflæði.

## **Niðurstöður sjálfsmatsfundar 12. september 2017**

### **Verkefni eru:**

#### Hópar 1 og 8 - **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

a. Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.

+ Mjög jákvætt að boðið sé upp á hafragraut á lágu verði á morgnana og í rúman tíma að auki.

+ Almenn ánægja með þá fiskrétti sem boðið er upp á í sameiginlega mötuneyti.

/ Fullmikið af unninni kjötvöru í sameiginlegu mötuneyti og salatið einsleitt. – **Við munum leggja til við mötuneyti að halda unninni kjötvöru í lágmarki – góðlátleg ábending. Kanna hvort mætti auka fjölbreytni í grænmeti (kál).**

/ Tímarammi kennara í kaffi- og matarpásu er þröngur og oft vinnst ekki tími fyrir kennara sem vinna t.d. í löu eða Hamri að koma sér yfir í kaffi og mat og svo til baka líka ef þeir eru að kenna næsta tíma á eftir. Hvað er til ráða? – **engin raunsæ lausn á þessu.**

/ Spurning með að þessa samblöndun nemenda og kennara í hádegismötuneyti, er ekki hægt að hafa kennaramötuneytið sér? Að kennarar fái smá pásu frá nemendum og erli. Líklegt að fleiri að mundu nýta sér mötuneytið ef það væri meiri ró eins og er inni á Bollastöðum. – **hægt að leggja til við kennara/kennarafund að loka eða stúka af innsta svæðið í mötuneytinu.**

EINKUNN:3

#### **Hópur 8**

#### **Einkunn: 5**

4 vísbendingar um gott starf:

Alltaf boðið upp á salatbar.

Úrval af smurðu brauði, skyri og skyrdrykkjum í hollari kantinum og ávöxtum.

Hafragrautur á morgnanna gegn hóflegu gjaldi.

Aðgengi að örbylgjuofni sem gerir nemendum og starfsfólki kleift að koma með nesti að heiman.

Heilt yfir fjölbreyttur, góður og hollur matur.

1 vísbending um það sem betur mætti fara:

Það eina sem við myndum vilja bæta varðandi mötuneytið er að þegar það er boðið upp á pasta, að skipta þá úr hvítu pasta yfir í heilhveiti pasta, og sömuleiðis þegar boðið er upp á hrísgrjón að skipta þá úr hvítum hrísgrjónum í gróf/brún eða hreinlega stundum bygg eða bygg/hrísgrjónablöndur. – ***komum þessari ábendingu til mötuneytis.***

b. Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.

+ Aðstaðan í Hamri er frábær eftir breytingar.

+ Annar plús við Hamar er að nú fer fjölbreyttara nám fram þar.

+ Nemendafélagið komið með góða aðstöðu úti í lðu.

/ Mötuneytið mætti stækka svo að betri aðstaða skapaðist í hádegismat.

/ Bollastaðir ástundum alltof litlir.

EINKUNN: 4

## Hópur 8

### Einkunn: 3

Vísbendingar um gott starf:

Hamar – frábær aðstaða – bara passa að fylgja þessu flotta húsi eftir með innviðum sem eru í lagi – passa að eiga þau tæki og tól sem eru nauðsynleg fyrir kennslu í dag.

Húsnæðið heilt yfir er aðgengilegt, bjart og fallegt

Vísbendingar um það sem betur mætti fara:

Betri aðstaða fyrir nemendaráð hér inni í Odda, svo það sé sýnilegra og aðgengilegra nemendum. – ***Nemendaráð er ánægt með nýja aðstöðu í lðu.***

Hanna og leggja tölvulagnir og tölvuskápa í vestari hluta Odda, tengist bæði vinnuástöðu í Brussuseli og Útverkum sem og netsambandi. Þannig gætu kennarar tengst netsambandi í gegnum snúru þegar þeir eru við vinnu á sínu svæði og sömuleiðis myndi það minnka álag á þráðlausu netið. – ***ekki á dagskrá.***

Sameiginleg aðstaða starfsfólks er kannski vanhugsuð – vinnuaðstaða starfsfólks er ekki sambærileg milli svæða. – **þarf að skoða.**

Hópar 2 og 9 - Fjármál, rekstur og aðbúnaður

Hópur 2:

c. Stöðugt er verið að bæta vinnuaðstöðu kennara.

**Vinnuaðstaða stórbatnar með nýjum skólabyggingum.**

**Aðstaða kennara í Odda og lðu er góð, nú er aðstaða iðngreinakennara að taka stökk fram á við með nýjum Hamri.**

**Mætti vera meiri vinnufriður í vinnurímum, fundir sem fara fram þar ætti að halda annarstaðar.**

**Gera þarf könnun meðal starfsfólks um aðbúnað kennara / starfsfólks.**

**Sárlega vantar mun betri loftræstingu í ljósritunaraðstöðu Odda**

**Einkunn 5**

Hópur 9

c. Stöðugt er verið að bæta vinnuaðstöðu kennara.

1. Nýtt hús var byggt með útbúnaði
2. Vantar hillupláss og ljós í Ráðagerði - **munum athuga það.**
3. Stólar nokkuð gamlir og þreyttir
4. Prentari í Útverk alltaf að bila
5. Það kom nýr glæsilegur ljósritari
6. Nýjar tölvur fyrir nokkra kennara
7. Borð sem hægt er að standa við.

Einkunn: 4.5

**d. Unnið er að bættri umgengni í skólanum.**

**Hópur 2:**

Mikil afturför að leyfa útiskó í skólanum. – **verður ekki breytt aftur.**

Markvissari leiðbeiningar og stefna í endurvinnslu sérstaklega varðandi pappír. – **tökum saman upplýsingar um vinnulagið og sent til kennara.**

Kennarar mættu vera meðvitaðri um að skila kennslustofum eins og þeir vilja koma að þeim.-  
***Já. Munum senda út áminningu um þetta til kennara.***

Þrif almennt mjög góð. -

Umgengni ágæt, teljum að myndavélar hafi haft áhrif til batnaðar varðandi umgengni. -

### **Einkunn 3**

#### **Hópur 9**

**d. Unnið er að bættri umgengni í skólanum.**

1. Settar voru upp nýjar sorpfötur til að flokka sorp
2. Sófar á kaffistofur kennara komu fyrir stuttu
3. Nýir sófar fyrir nemendur í alrými
4. Nemendur fá að fara á skónum inn í Odda og enginn gangavörður er í Odda
5. Eftirlitsmyndavélar settar upp

Einkunn: 5

Hópar 3 og 10 - **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

g. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann án röskunar á búsetu.

Hópur 3 – einkunn: 3: - ***þurfum að endurskoða þetta markmið.***

Heimavist vantar:

Fjarnám vantar og kvöld / helgarnám: ***ekki stefna skólans. Eina fjarnámið sem boðið er upp á er fyrir 10. bekkina.***

Hópur 10: einkunn: 3

- Engin heimavist er til staðar:
- Lítið fjarnám er til staðar í skólanum: ***ekki stefna skólans.***
- Enginn fjarnámsbúnaður er til í skólanum: ***ekki stefnt á að bjóða upp á fjarnám.***

Hópar 4 og 11 - **Upplýsingar**

**h. Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu.**

Hópur 11:

- Síðan er óaðlaðandi miðað við fyrri útgáfur – vantar meira einkennislit skólans GULAN – blátt er kalt - ***teljum að aðalatriðið sé að heimasíðan endurspegli skólanámskrána.***

- Heildarmyndin er of stór til að allir valmöguleikar sjáist – **ekki sammála**
- Það getur kostað leit að finna það sem leitað er að. – **ef til vill mætti laga skipulagið.**

i. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.

Hópur 4:

Dagatal er gott og vel upp sett en virðist ekki sýna allt sem er í gangi er varðar skólastarfið.

Hópar 5 og 12 – **Upplýsingar**

j. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.

Hópur 5:

- Skrifstofan gegnir mjög mikilvægu hlutverki fyrir skólasamfélagið.
- Nemendur geta leitað til skrifstofu og fengið svör við nánast öllu sem þeir vilja vita.
- Geti skrifstofa ekki veitt upplýsingar sem nemendur leita eftir, er þeim ætíð vísað á réttan aðila.
- Skrifstofa skráir reglulega allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir skólasamfélagið á upplýsingatöflu.
- Annað starfsfólk fær ætíð mjög góða fyrirgreiðslu varðandi upplýsingar hjá starfsmönnum skrifstofu.

**Einkunn = 6**

**Senda til skrifstofunnar.**

Hópur 12:

- + Upplýsingarflæðið á skrifstofunni er gott.
- + Starfsfólkið veit hvar við erum og hvar er hægt að finna okkur sem er mjög jákvætt.
- + Ef skrifstofan fær ekki upplýsingar eru þau að ýta á okkur sem er mjög jákvætt.
- + Skrifstofunna er andlit stofnunarinar og heldur utan um skólanum.
- + Nemendur nota upplýsingarskjáir sem er stórt plús og hefur vaxið.

Við finnum engar gallar við þjónustu og upplýsingarmiðlun skrifstofunnar.

**Einkunn: 6**

k. Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

Hópur 5:

- Nemendur fá afar góða þjónustu hjá starfsmönnum safnsins þegar leitað er að gögnum.

- Ef það sem leitað er eftir á safni er ekki tiltækt, leita starfsmenn leiða til að afla þess.
- Starfsmenn bókasafns leitast við að fylgjast með verkefnavinnu í áföngum til að geta undirbúið gagnaöflun fyrir nemendur.
- Starfsmenn bókasafns mjög duglegir að kynna þjónustu safnsins m.a. í ERGÓ, (fyrrum lífsleikni)
- Mjög gott að vísa nemendum á safnið ef þeir mæta bókarlausir í tíma og þurfa að nálgast kennslubók með hraði.

### **Einkunn = 6**

#### **Senda til bókasafnsins.**

#### Hópar 6 og 13 – **Upplýsingar**

I. Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.

Hópur 6:

Ekki skýrt um hvaða dagatal væri að ræða í fullyrðingu.

Virðist ekki mikið að vera að gera þegar farið er inn á dagatal, örfáir viðburðir í hverjum mánuði. :

Viðburðir á vegum NFSu ættu líka að vera inni á dagatali. : **sammála þessu. Þyrftum að koma þessu**

Stærri viðburðir á áföngum ættu að vera inni á dagatali, t.d. ferð Eyjafjallajökul, hvað er að gerast í akademíum.... : **sendum til kennara: vinsamlegast láta vita af fyrirhuguðum ferðum/viðburðum í tölvupósti.**

Hópur 13 – einkunn: 5:

1. Allt skipulag sem kemur frá skólastjórnendum og kennurum er sýnilegt á dagatalinu.
2. Dagatalið er aðgengilegt á vef FSu
3. Dagatalið er rætt á kennarafundi og kennurum þar með gefinn kostur á að koma með athugasemdir við það.
4. Dagatalið liggur fyrir með góðum fyrirvara.
5. Það vantar viðburði frá nemendafélaginu inn á dagatalið.

m. Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.

Hópur 6 – einkunn: 4

Fréttir og myndir koma betur út á nýjum vef skólans.

Fréttir koma reglulega inn á vef skólans.

Fréttir koma úr ólíkum sviðum skólans.

Í tölvu þá eru fréttir ekki áberandi þar sem mynd af skólanum tekur yfir skjáinn. Kemur betur út í farsíma.

Sumar fréttir/tilkynningar eru bara á Facebook en ekki á vef skólans.

Hópur 13 – einkunn: 4

1. Fb-síða skólans er með nýjustu fréttum.
2. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar þar inn.
3. Þær fréttir sem settar eru á miðlana eru á jákvæðum og skemmtilegum nótum og stuðla þannig að góðri ímynd skólans.
4. Kennarar mættu vera duglegri í að senda fréttir á fréttastjóra til að setja inn.
5. Nemendafélagið mætti senda inn fleiri fréttir af félagslífinu á miðlana – m.a. í Dagskránnu þar sem þau og nemendafélag ML eiga dálk en FSu hefur ekki sinnt því lengi.

Hópar 7 og 14 - **Upplýsingar**

n. Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.

Hópur 7 – einkunn: 6

Já, það er aðgengi á heimasíðu FSU, sjá hér fyrir neðan.

Farið á forsíðu skólans, UM SKÓLANN. Verklagsreglur: viðbrögð við áföllum.

Þetta er mjög vel og skilmerkilega unnið á heimasíðunni og við gefum þessu 6 stig.

Hópur 14 – einkunn: 4

Eitt okkar hefur ekki fengið kynningu á viðbragðsáætlun, eldri starfsmenn hafa fengið það. Á heimasíðunni eru að finna góðar upplýsingar en það þarf að uppfæra meðlimi öryggisnefndar. Við höfum tekið þátt í reglulegum brunaæfingum og vitum vel hvernig þær virka, grænu spjöldin innihalda rýmingaráætlun. Við höfum ekkert kynnt þetta fyrir nemendum nema í brunaæfingum. Við höfum verið vel upplýst um einstaka nemendur sem eru með bráðaofnæmi eða sjúkdóma sem bregðast þarf við í skyndi. Skyndihjálparnámskeið bjóðast starfsmönnum reglulega.

o. Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingaflæði.

Hópur 7 – einkunn: 5

Skýrslur um einstaka þætti skólastarfsins.

Inni á heimasíðu skólans, undir UM SKÓLANN, Skýrslur. Efnið er mjög aðgengilegt og vel gert.

Sjá slóð: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/rekstur-og-skipulag/skyrslur>



Það vantar reyndar sviðsstjórnarskýrsla fyrir síðasta skólaár, sem er mjög bagalegt. 5 stig.

Hópur 14 – einkunn: 6

Það er alltaf ársskýrsla gefin út sem gaman er að lesa á síðkvöldum. Stofnun ársins, sjálfsmatsskýrsla og fleira spennandi lesefni. Við teljum að þessum þætti sé vel sinnt.

Einkunnir eftir sjálfsmatsvinnu kennara 12. september 2017										Einkunn	Einkunn
a	Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.									H1 = 3	H8 = 5
b	Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.									H1 = 4	H8 = 3
c	Stöðugt er verið að bæta vinnuástöðu kennara.									H2 = 5	H9 = 4,5
d	Unnið er að bættri umgengni í skólanum.									H2 = 3	H9 = 5
e	Lögð er áhersla á að fyrirbyggja slyshættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum.									H3 = 6	H10 = 5
f	Tölvakerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt.									H3 = 5	H10 = 4
g	Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann án röskunar á búsetu.									H3 = 4	H10 = 3
h	Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu.									H4 = 6	H11 = 3
i	Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.									H4 = 4	H11 = 4
j	Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.									H5 = 6	H12 = 6
k	Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.									H5 = 6	H12 = 5
l	Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.									H6 = ??	H13 = 5
m	Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.									H6 = 3	H13 = 4
n	Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.									H7 = 6	H14 = 4
o	Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingafæði.									H7 = 5	H14 = 6
										H1 = hópur 1	
										H2 = hópur 2	

## Aðgerðaáætlun að loknum fundi 12. september 2018

Markmið: Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.

Ábending 1: Fullmikið af unninni kjötvöru í sameiginlegu mötuneyti og salatið einsleitt.

Aðgerð 1: Við munum leggja til við mötuneyti að halda unninni kjötvöru í lágmarki – góðlátleg ábending. Kanna hvort mætti auka fjölbreytni í grænmeti (kál). - Tóti ræðir við starfsmenn mötuneytisins.

Ábending 2: Tímarammi kennara í kaffi- og matarpásu er þröngur og oft vinnst ekki tími fyrir kennara sem vinna t.d. í lðu eða Hamri að koma sér yfir í kaffi og mat og svo til baka líka ef þeir eru að kenna næsta tíma á eftir. Hvað er til ráða?

Aðgerð 2: engin raunsæ lausn á þessu.

Ábending 3: Spurning með að þessa samblöndun nemenda og kennara í hádegismötuneyti, er ekki hægt að hafa kennaramötuneytið sér? Að kennarar fái smá pásu frá nemendum og erli. Líklegt að fleiri að mundu nýta sér mötuneytið ef það væri meiri ró eins og er inni á Bollastöðum.

Aðgerð 3: hægt að leggja til við kennara/kennarafund að loka eða stúka af innsta svæðið í mötuneytinu. - Sammála að gera ekkert að þessu sinni.

Ábending 4: Það eina sem við myndum vilja bæta varðandi mötuneytið er að þegar það er boðið upp á pasta, að skipta þá úr hvítu pasta yfir í heilhvæiti pasta, og

sömuleiðis þegar boðið er upp á hrísgrjón að skipta þá úr hvítum hrísgrjónum í gróf/brún eða hreinlega stundum bygg eða bygg/hrísgrjónablöndur.

Aðgerð 4: komum þessari ábendingu til mótuneytis. - Tóti ræðir það við mótuneytið.

Markmið: Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.

Ábending 1: Betri aðstaða fyrir nemendaráð hér inni í Odda, svo það sé sýnilegra og aðgengilegra nemendum.

Aðgerð 1: Nemendaráð er ánægt með nýja aðstöðu í lðu.

Ábending 2: Hanna og leggja tölvulagnir og tölvuskápa í vestari hluta Odda, tengist bæði vinnuaðstöðu í Brussuseli og Útverkum sem og netsambandi. Þannig gætu kennarar tengst netsambandi í gegnum snúru þegar þeir eru við vinnu á sínu svæði og sömuleiðis myndi það minnka álag á þráðlausa netið.

Aðgerð 2: ekki á dagskrá.

Ábending 3: Sameiginleg aðstaða starfsfólks er kannski vanhugsuð – vinnuaðstaða starfsfólks er ekki sambærileg milli svæða.

Aðgerð 3: er í skoðun.

Markmið: Unnið er að bættri umgengni í skólanum.

Ábending 1: Mikil afturför að leyfa útiskó í skólanum.

Aðgerð 1: verður ekki breytt aftur.

Ábending 2: Markvissari leiðbeiningar og stefna í endurvinnslu sérstaklega varðandi pappír.

Aðgerð 2: tökum saman upplýsingar um vinnulagið og sendum til kennara.- sviðsstjórar sjá um að senda ábendingu til kennara um að vera ábyrg í útprintun og senda jafnframt tengil á umhverfisstefnu skólans. - komið

Ábending 3: Kennarar mættu vera meðvitaðri um að skila kennslustofum eins og þeir vilja koma að þeim.

Aðgerð 3: já. Munum senda út áminningu um þetta til kennara. - sendum þetta með þessu fyrir ofan

Ábending 4: Vantar hillupláss og ljós í Ráðagerði

Aðgerð 4: munum athuga það. - kannski hægt að kaupa nokkra lampa - Tóti talar við kennarana þar. Þeir eru komnir þangað.

Markmið: Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá Fsu.

Ábending 1: Síðan er óaðlaðandi miðað við fyrri útgáfur – vantar meira einkennislit skólans GULAN – blátt er kalt

Aðgerð 1: teljum að aðalatriðið sé að heimasíðan endurspegli skólanámskrána.

Ábending 2: Heildarmyndin er of stór til að allir valmöguleikar sjáist

Aðgerð 2: ekki sammála

Ábending 3: Það getur kostað leit að finna það sem leitað er að.

Aðgerð 3: ef til vill mætti laga skipulagið. - er í sífelldri skoðun. Tóti er að skoða hana núna, taka út og breyta.

Markmið: Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.

Aðgerð: senda setningarnar til skrifstofu (sjá samantektarskjalið) - Tóti kemur ábendingunum áleiðis til skrifstofunnar.

Markmið: Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

Aðgerð: senda setningarnar til bókasafnsins (sjá samantektarskjalið) - Tóti kemur ábendingunum til bókasafnsins.

Markmið: Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða sem tengjast skólalífinu.

Ábending 1: Viðburðir á vegum NFSu ættu líka að vera inni á dagatali.

Aðgerð 1: sammála þessu. Þyrftum að koma þessu að hjá félagslífsfulltrúa skólans/skólaráði.

Ábending 2: Stærri viðburðir á áföngum ættu að vera inni á dagatali, t.d. ferð Eyjafjallajökul, hvað er að gerast í akademíum....

Aðgerð 2: sendum ábendingu til kennara: vinsamlegast láta vita af fyrirhuguðum ferðum/viðburðum í tölvupósti. - Tóti mun biðja skrifstofuna um að minna kennara reglulega á þetta.

## **Grunnþættir unnir 30. janúar 2018**

### **Hópur 1**

**Námshæfni:** Geta yfirfært þekkingu af einu yfir á annað, Efla trú á eigin getu. Leiðsagnarmat, einstaklingsviðtöl hjálpa nemandanum að þekkja sjálfan sig og sína námsstöðu. Koma í veg fyrir niðurbrot og skömm vegna mistaka. Efla þrautseygju, gefast ekki upp. Eðlilegt að brjóta heilann og reyna á hann. T.d stærðfræðifælni, þarf að efla sjálfstraust, sjálfstæði og metnað, það má mistakast. Áreynsla er holl. Allir þurfa pepp, vita að þeir skipti máli. Hópar stundum of

fjölmennir. Ekki allir passa endilega inn í afkastamiðað framleiðnikerfi. Talið leiddist aðeins í kosti og galla og meðhöndlun snjalltækja. Þarf að snúa þeirri þróun að nemendur vilji prófið en ekki námið. Skýr skilaboð um að x margar einingar eru FULL VINNA. Ekki vinna annarsstaðar. Sérstaklega ef það á að vera líka í íþróttum og félagslífi. Þarf að kenna nemendum að forgangsraða.

**Heilbrigði:** Útikennsla, geðheilbrigði, nægur svefn og að borða morgunverð er eitthvað sem kennarar þurfa að brýna fyrir nemendum. Tímastjórnun og ofálag er áhyggjuefni, margt sem togar í krakkana. Kennarar ættu að nota hópvinnu til að efla félagsleg tengsl. Nota leiki í kennslu eflir félagslegt heilbrigði. Efla þarf nemendur til félagslegrar þátttöku í félagslífi skólans með Púslaðferð (1-2-4) geta hjálpað. Verkefni geta tengst heilbrigði.

**Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar:** Fækka powerpoint sjóvum í nemendaskilum, opnar spurningar, valspurningar á prófum, þankaregn, boxverkefni, setja sig í spor, hlutverkaleikir, setja hluti í nýtt samhengi

**Jafnrétti:** Allir hafi jöfn tækifæri til náms.

**Lýðræði og mannrétti:** Nemendur fá eitthvað að segja um nám sitt. Efla samtal við nemendur um nám og framgang þess. T.d. kjósa um próf og verkefni, tímasetningar, vægi, innihald..., Hringborðsumræður með nemendur allir að segja eitthvað jákvætt um kennsluna, allir segi frá einhverju sem má vera betra. Nemendur séu með í því að semja reglur vetrarins. Gagnrýnin hugsun og að skilja að það má vera ósammála.

*Lokaorð:*

Koma þarf til móts við nemandann á hans forsendum.

## Hópur 2

### **Liður 1. Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar.**

Í nánast öllum greinum er unnið með tölulegar upplýsingar, t.d. greining á könnunum í félagsfræði og Ergó. Starfsbraut eru að skoða upplýsingar í kringum sig og ræða með kennurum. Stærðfræðin er líka að vinna með tölur og í hópvinnu þar sem þau fara yfir hjá hverjum öðrum.

### **Liður 2. Náms hæfni.**

Í FSu erum við að þjálfva nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu í hópum en til að setja punktinn yfir þyrftum við að stefna að lokaverkefnum á hverri línu til að tengja betur saman það sem þau hafa lært í gegnum skólagönguna.

### **Liður 3. Heilbrigði.**

Eftir að við gerðumst aðili að Heilsueflandi skóla hafa orðið einhverjar breytingar en það dugar ekki heldur þarf að halda áfram að þróa þá vinnu til að hún staðni ekki. Skortur er á sálfræðiþjónustu við skólann en það er alla vega hjúkrunarþjónusta. Skólinn er mjög hvetjandi gagnvart hreyfingu og nemendur eru margir virkir.

### **Liður 4. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar.**

Á flestum sviðum er verið að vinna með sköpun að einhverju marki, hvort sem er í verklegu eða bóklegu námi. Hagnýting þekkingar er frekar í verklega náminu en við mættum vera duglegri að vinna með hana í öðrum greinum. Makerspacer hugmyndafræði gæti komið þar til hjálpar, þ.e. smíðjur í hinum ýmsu greinum í líkingu við tónsmíðjuna í kjallaranum ☹ sem er núna ekki lengur til staðar. Þjarkar og forritun er framtíðin.

### **Liður 5. Jafnrétti.**

Skólinn er með jafnréttisáætlun og aukið leiðsagnarnám mun einnig ýta undir jafnrétti í námi. Á starfsbraut er mannréttingaáfangi og í félagsfræði hefur verið í boði jafnréttisáfangi.

### **Liður 6. Lýðræði.**

#### **Hópur 3**

**Ræðið hvernig grunnþættir og lykilhæfni birtast eða gætu mögulega birst í ykkar kennslu. Skráið hér hugmyndir, t.d. að viðfangsefnum og verkefnum, sem upp koma í umræðunni. Reynið að gera sem flestum þessara þátta skil.**

**Grunnþættir menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.** Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla svo og tengslum hans við samfélag sitt.

**Lykilhæfni** er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi framhaldsskóla, starfsumhverfi og skólabrag sem og námi og kennslu allra námsáfangna.

Námshæfni – rauður þráður í allri kennslu, nemendur í starfsnámi geta ekki lokið námi nema að þekking og leikni haldist í hendur. Til dæmis með verklegri kennslu, magntaka, reikna efniskostnað, munnleg próf og verkefni í tungumálakennslu, verklegar æfingar skýrslugerð, verkleg próf.

Heilbrigði – gönguferðir, forvirkt námeftnis, námsefni sem hefur forvarnargildi, umræður, fyrirlestrar að utan, forvarnar- félagslífsfulltrúi, mötuneyti, gera kannanir, búa til rafrænar kannair, öpp, taka þátt í átökum, skoða og skrá eigin neyslu og hreyfingu. Sjálfsstyrking.

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar. Skapandi skrif, ferilritun, opin verkefni þvert á greinar (leiklist og skapandi skrifum), samstarf milli deilda (hárgreiðsla – sjúkraliðar) – búa til verkefni saman með kennara – væri hægt að vinna meira saman í verklegum greinum Lokaverkefni væri góður kostur og biði upp á sköpun. Tengja áhugasvið inn í verkefni. Fáí að kynnast ferlisvinnu. Ferðalagið skiptir máli.

Jafnrétti. Það þyrfti meiri kynjajöfnun í verklegar greinar – tekur tíma. Styrking beggja kynja til náms – einstaklingar skipta máli. Setja kynjagleraugu – þarf að styrkja nám fyrir nemendur af erlendum uppruna. Fordómalaus umræða /samtal um jafnréttismál.

Lýðræði og mannréttindi – samvinnukennsla – leyfa nemendum að hafa áhrif á kennslu – verkefnaval og fleira sem fer fram í skólastofunni. Nemendalýðræði. Taka mið af athugasemdum frá nemendum vegna kennslu. Hægt að gefa val um námsmat – nota sjálfsmat – skoða ábyrgð nemenda. Jafningjamat. Námsfni – tengt lýðræði og mannréttindum.

Menntun til sjálfbærni – Ergó bb fer nánast allur í hugtakið – allir nýnemar taka áfangann. Svo er hægt að huga að litluhlutunum , pappí, ljós, orka, gluggar, hurðir – umgengni.

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku/Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum. - Nemendaviðtöl í upphafi virka vel sem og munnleg próf. Allir kennarar læsiskennarar – lestur allsstaðar. Verkefni og kynningar hjálpa nemendum að tjá sig og sýna leikni og þekkingu.

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar. Lesa úr tölulegum upplýsingum – gröf og teikningar – setja tölur í form. Nota upplýsingar og læra að setja þær fram í tölulegu formi. Nota töflureikni.

## **Hópur 4**

### **Námshæfni**

Efla sjálfstraust, umorða, hjálpa þeim að staðsetja sig, hvatning, leggja fyrir stöðumat, efla sjálfsþekkingu, fjölbreytt verkefni, réttlátar kröfur, einstaklingsmiðað nám, samskipti grunnur alls.

### **Heilbrigði**

Dropinn holar steininn, fyrirmyndir sem þau tengja við, raunhæf markmið, vinna markvisst með ákveðna þætti, halda áfram forvörnum og vinna í því sem við viljum breyta.

### **Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar**

Fjölbreytt verkefni, leyfa öllum að njóta sín, leyfa nemendum að láta ljós sitt skína, hver og einn finni til sín. Tengja námið út í samfélagið og „raunheiminn“. Að þau átti sig á samhengi náms og samfélags, láta reyna á alls konar verkefni, nýjungar, gera mistök og halda áfram.

### **Jafnrétti**

Halda umræðu um jafnrétti allra lífandi, mannskilningur, virðing, fordómaleysi... kynjakvóta á kennara, alltof margar konur...

### **Lýðræði og mannréttindi**

Réttur hvers og eins, farvegur fyrir styrkleika hvers og eins, allir metnir að verðleikum, gefa val, efla meðvitund...

### **Menntun til sjálfbærni**

Að hver og einn verði virkur þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi... að allir geti verið til, að öllum líði vel, að allir finni sína hillu...

### **Læsi, tjáning og samskipti á íslensku**

Viðhalda jákvæðum viðhorfum til tungumálsins, að þeim sé ekki sama um tungumálið og framtíð þess, að þau langi til að hugsa um tungumálið og hvernig þau nota það...

### **Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum**

Tengja við „raunheiminn“, lesa dagblöð og tímarit á Netinu, nýta tæknina, lesa, lesa, lesa og lesa. Að þau séu óhrædd við það að leita svara...

### **Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar**

Fjármálafréttir, fjármálalæsi, talnalæsi, ábyrg fjármálahegðun, gagnrýnin hugsun...

## **RÁS 1 – fyrir alla, alltaf...**

## **Hópur 5**

**Ræðið** hvernig grunnþættir og lykilhæfni birtast eða gætu mögulega birst í ykkar kennslu. Skráið hér hugmyndir, t.d. að viðfangsefnum og verkefnum, sem upp koma í umræðunni. Reynið að gera sem flestum þessara þátta skil.

**Grunnþættir** menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla svo og tengslum hans við samfélag sitt.

**Lykilhæfni** er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi framhaldsskóla, starfsumhverfi og skólabrag sem og námi og kennslu allra námsáfanga.

### **Námshæfni**

Í skólanum er hópur sem er að prófa sig áfram með leiðsagnarnám. Þar er áhersla lögð á nám nemenda en ekki kennslu kennara. Þar þurfa nemendur að vera mjög meðvitaðir um sína stöðu í náminu.

Leiðsagnarnám er lausn!

### **Heilbrigði**

#### **Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar**

#### **Jafnrétti**

Einstaklingsmiðað nám er mikilvægt til að uppfylla jafnréttismarkmiðin. Fjölbreytt nálgun á sama efninu er mikilvæg.

#### **Lýðræði og mannréttindi**

#### **Menntun til sjálfbærni**

#### **Læsi, tjáning og samskipti á íslensku**

#### **Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum**

Nemendur ættu að fá sem oftast tækifæri til að fara erlendis með kennurum sínum og kynnast menningu annara landa. Einnig er hægt að vera hægt að vera í skipulögðum samskiptum við erlenda nemendur og skóla.

#### **Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar**

Kennarar ættu flestir að samþætta upplýsingatæknina inn í sína kennslu, láta nemendur vinna með ýmis forrit í námi sínu.

### **Hópur 6**

**Jafnrétti:** umræða sjálfsmynd og samfélagsmiðla, auglýsingar skoðaðar, sjálfstraust – Kemur ómeðvitað inn í umræðuna kennslu.

**Lýðræði og mannréttindi:** er ekki greinilega sýnilegt í kennsluáætlun en fléttað inn í kennsluna. Er þarna – kannski ástæða til að draga fram.

**Læsi.** Lesið í texta, bíómynd eða efni. Áhersla að útskýra heldur en bara svör.

**Sjálfbærni:** Auðlindir, neysla, ferðamennska, hnattrænt jafnrétti, - **Risastórt hugtak.**--> Hvernig get ég orðið að betri mannskju, betri samfélagsþegn,

**Niðurstaða:** Við vorum sammála um að þó að þessi atriði séu ekki orðuð í áætlunum er gripið niður í þessa þætti á öllum svipum

Betra hefði verið að hver hópur hefði fengið bara eitt efni til að ræða um.

## **Hópur 7**

### **Námshæfni**

Við erum sammála um að við séum að reyna að efla gagnrýna hugsun hjá nemendum, bæði í kennslu en líka almennt og ótengt kennslunni sjálfri. Í myndlistinni reynum við sérstaklega að nota gagnrýni til uppbyggingar. Í verkgreinum snýst þetta meira um að nýta áunna þekkingu og tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð. Jafningjamat hefur kosti og galla en helst er að nefna að það tekur töluverðan tíma. Í jafningjamati er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir sinni ábyrgð, misjafnt eftir efnivið hvernig hægt er að nálgast jafningjamat.

### **Heilbrigði**

Það verða allir kennarar að vera samstíga í að stöðva rafrettur og (munn)tóbaksnotkun. Allir verða að skipta sér af, við megum ekki láta þetta afskiptalaust og hætta að fylgja því eftir. Það er ekki í lagi að nemendur komist upp með að vanvirða skólareglur. Geðheilbrigði er ekki síður mikilvægt en líkamlegt heilbrigði og mikilvægt að öllum nemendum líði vel í kennslu, en að sama skapi verða nemendur að átta sig á því að þeir þurfa að uppfylla sínar skyldur og bera ábyrgð á sínu námi.

### **Menntun til sjálfbærni**

Er hægt að stuðla að bættri umgengni á skólalóð með fleiri ruslafötum? t.d. beint fyrir utan anddyrið. Vantar fleiri flokkunarfötur fyrir ruslið. Sérstaklega aðra fötu fyrir hreint plast. Vantar flokkunarfötur í í lðu. Stuðlar allt að bættri menntun til sjálfbærni, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Á klósettum í Hamri mætti skoða ruslafötumálin – festa þær betur svo þær hvolfist ekki þegar hurðin opnast. Sjálfbærnin er tekin vel fyrir í Ergó og stuðlar vonandi að bættri meðvitund nemenda. Sjálfbærni – að ganga á milli staða – efla það.. 😊

### **Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar**

Snýst um það hvernig nemendur nýta þá þekkingu sem þeir tileinka sér hér í náminu úti í samfélaginu. Skapandi hugsun kemur víða fram í náminu – snýst um að gefa nemendum tækifæri til að finna sínar leiðir að lausnum. Spurning um að reyna að gefa nemendum val í náminu/verkefnum.

### **Jafnrétti**

Markvisst tekið fyrir í Ergó. Hér í FSu er breiður og ólíkur nemendahópur sem eykur meðvitund nemenda á þverskurði þjóðfélagsins. Mikill kynjahalli í verknáminu þess vegna er mikilvægt að nemendum sé gert kleift að velja verknámsáfangu í náminu sínu. Kennarar verða að vera meðvitaðir um að námsefni og umræða í tímum halli ekki á annað kynið, höfði til beggja kynja.

### **Lýðræði og mannréttindi**

Mikilvægt að hvetja til nemendur til samræðna í tíma, fá þau til að mynda sér skoðun, taka afstöðu og rökstyðja. Það gegnur misjafnlega vel og þá er mikilvægt að stuðla að góðum samskiptum og ná góðu sambandi við hvern nemanda.

### **Læsi**

Tjáning, samskipti – byggist allt á því. Mikilvægt að gera nemendur meðvitaða um læsi á sjálfan sig og umhverfið. Og grundvallaratriði að nemendur séu læsir í orðsins fyllstu merkingu.

## **Hópur 8**



Námshæfni: Erum að hvetja til sjálfstæðis, bera ábyrgð á námi, leita að upplýsingum, tileinka sér ákveðnar aðferðir. Markmið að kenna fólki að verða betri námsmenn og hæfari í frekari nám.

Heilbrigði: Beina þeim á heilbrigðan lífstíl og efla andlega heilsu.

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar: Auka gagnrýna hugsun, taka ekki öllu sem sjálfsögðum hlut, má gera meira af þessum skapandi þætti, val um hvernig verkefni er skilað, skila myndbandi, hljóðupptökum. Tengja námsefnið við raunheim og samfélag.

Jafnrétti: Hafa val um verkefni, allir metnir á sama grundvelli, efla tjáningu í kennslu.

Lýðræði og mannréttindi: Geta sagt sína skoðun og hafa val um verkefni, gera þau meðvituð um réttindin sín.

Menntun til sjálfbærni:

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar

## **Markmið skólans skoðuð sem merkt eru (G) – gátlisti**

- Nýjar námsbrautir/nám verði í boði tengdar nýrri aðstöðu í verknámshúsinu Hamri (haustönn 2017), t.d.: Hársnyrtinám, fjölsmiðjunám, tónsmiðja, ný listnáms- og margmiðlunarbraut (stutt braut) og fleira. (G):

*Erum komin með hársnyrtinám. Ekki á dagskrá að bjóða upp á allar hinar brautirnar strax. Fjölsmiðjan var hugsuð fyrir nemendur sem eiga erfitt uppdráttar í bóknámi, að bjóða þeim upp á nokkuð opið verklegt nám til að koma til móts við þá.*

- Kennsluáætlanir séu skýrar, aðgengilegar og uppfærðar. (G)

*Erfiðlega gengur að fá allar kennsluáætlanir á réttum tíma. Við munum halda áfram að vinna í því. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.*

Kennsluáætlanir, prófagerð, yfirferð á prófum verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Næst fyrir vorönn 2017. (G) *Búið að yfirfara.*

Brottfall frá upphafi til loka hveðrar annar verði undir 9,0%. (G)

*Verðugt markmið – erum alltaf að vinna að því að minnka það.*

Starfsmannaviðtöl verði fastur liður í starfi stjórnenda. Stefnt skal að starfsmannviðtali við hvern einstakling á þriggja ára fresti.(G)

*Stefnt að því að starfsmannasamtöl fari fram á hverri önn.*

Skipurit skólans sé skýrt. (G) *Nýbúið að fara yfir og lagfæra skipuritið.*

Áframhaldandi samstarf verði við foreldrafélag skólans. (G)

*Vettvangur sem er til. Ekki á dagskrá að breyta því.*

Rekstur verði hallalaus og innan marka fjárlaga án þess að þjónusta við nemendur verði skert. (G) *Staðan er góð í dag. Svigrúm til að fjárfesta í tækjabúnaði.*

Mötuneyti nemenda verði rekið án halla. (G) *Er rekið án halla.*

Upplýsingar um hverjir starfa við skólann séu aðgengilegar. (G)

*Þær eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.*

Saga skólans sé sýnileg. (G) *Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.*

## Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

### Nemandi

- sýnir frumkvæði og skapandi hugsun
- ber siðferðilega ábyrgð á sköpun og hagnýtingu þekkingar sinnar
- getur miðlað hæfni sinni á skapandi hátt
- getur nýtt sér sköpunarkraft sinn á margvíslegan hátt í lífi og starfi
- getur notið lista, menningar og skapandi starfs á margvíslegu formi
- skilur hvernig menning og listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun

*Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*

*fjölbreytniverkefnavali*

*nemendurfinnitilsín*

*nemendur fá að láta ljós sitt skína*

*nemendurfáaöðnjótasin*

## Dæmi um leiðir...

*opnar spurningar* *advinnaoglæraismíðjum,t.d.tónsmíðjan* *valsurningar á prófum* *ferilritun* *ferlisvinna* *bankaregn* *hlutverkaleikir* *tengja áhugasvið inn í verkefni* *ferkefni þvert á greinar (leiklist og skapandi skrif)* *velja viðfangsefni sem þeir vinna með* *skapandiskrif* *opnar spurningar* *valsurningar á prófum* *ferilritun* *ferlisvinna* *bankaregn* *hlutverkaleikir* *tengja áhugasvið inn í verkefni* *ferkefni þvert á greinar (leiklist og skapandi skrif)* *velja viðfangsefni sem þeir vinna með* *skapandiskrif* *opnar spurningar* *valsurningar á prófum* *ferilritun* *ferlisvinna* *bankaregn* *hlutverkaleikir* *tengja áhugasvið inn í verkefni* *ferkefni þvert á greinar (leiklist og skapandi skrif)* *velja viðfangsefni sem þeir vinna með* *skapandiskrif*

**Nemendur fá tækifæri til að nýta úti í samfélaginu þá hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í náminu**

**Lærdómsferlið - ferðalagið skiptir máli, ekki síður en afurðin**

Samantekt af kennarafundi 30. janúar 2018  
Grunnþættir og lykilhæfni - Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar